



## Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) varðandi áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 – bætt nýting virkjana. Mál nr. 31/2022.**

Verkfræðingafélag Íslands styður þau áform sem kynnt hafa verið og fela í sér að einfalda ferlið við að bæta nýtingu virkjana í rekstri. Um þjóðþrifamál er að ræða og hvetur VFÍ eindregið til þess að þessum áformum verði hrint í framkvæmd. Jafnframt verði skoðað hvort hið sama eigi að gilda um jarðvarmavirkjanir.

Í þessu sambandi má minna á að Verkfræðingafélag Íslands hefur talað fyrir því, meðal annars í umsögnum í Samráðsgáttinni, að leyfisferli framkvæmda verði skilvirkara. Þetta kom meðal annars fram í umsögn félagsins dags. 3. september 2021 um reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana, Mál nr. 154/2021 og í nokkrum umsögnum á árinu 2018 þegar unnið var að heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

*Reykjavík, 17. febrúar 2022.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*